

- b. Í stað orðanna „stofnunum, stjórnendum þeirra eða starfsmönnum“ í síðari málslíð kemur: einstaklingum, lögaðilum eða starfsmönnum.

14. gr.

12. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „8. og 9. gr.“ í fyrri málslíð 1. mgr. kemur: 8., 9. og 10. gr.
b. Orðin „ríkissaksóknara eða“ í síðari málslíð 1. mgr. falla brott.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sjálfvirku tilkynningarkerfi skulu skip tilkynna brottför og komu í höfn og staðsetningu sína á eftirfarandi hátt:

- Skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skulu tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti.
- Skip sem eru styttri en 24 metrar og er heimilt að sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á einnar klukkustundar fresti.
- Skip sem eru styttri en 24 metrar og sigla á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
- Farþegaskip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
- Skipum sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri er heimilt að tilkynna sig með öðrum leiðum eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sjálfvirku tilkynningarkerfi skal að lágmarki tilkynna auðkenni skips og staðsetningu þess.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði 1. mgr. taka jafnframt til sjálfvirks tilkynningarkerfis.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:
Sá sem annast rekstur fjarskiptanna skal sjá til þess að fjarskiptavirki séu til staðar til móttöku tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til efirlitsstöðvar.

5. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Handvirka tilkynningarkerfið skal rekið í allt að þrjú ár samhliða sjálfvirka tilkynningarkerfinu.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:
Fyrir þjónustu í handvirka tilkynningarkerfinu og tilkynningar um gervihnattasamband greiða eigendur skipanna fyrir fjarskiptin samkvæmt gjaldskrá þess sem þjónustuna veitir.
Fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu skal eigandi hvers skips greiða umsamið árgjald sem rennur til Slysavarnafélags Íslands til að mæta kostnaði þess.

7. gr.

11. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

8. gr.

12. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:
Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
Ákvæði e-liðar 2. mgr. 1. gr. skal endurskoða fyrir árslok 2000.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Halldór Blöndal.